

Stjórnarfundur umdæmis Inner Wheel á Íslandi, haldinn 5. mars 2026 kl. 14.00 heima hjá Sigurbjörgu Magnúsdóttur Birkigrund 9b í Kópavogi

Á fundinn voru mættar auk Sigurbjargar umdæmisstjóra: Erla Eggertsdóttir ritari, María Heiðdal fráfarandi umdæmisstjóri og Valdís B Guðjónsdóttir verðandi umdæmisstjóri. Dúfa Einarisdóttir gjaldkeri var forfölluð.

Sigurbjörg sýndi okkur bréf frá alheimsstjórninni um team fund. Hún ætlaði að senda það á klúbbana

Sigurbjörg var búin að útvega nýjan skjöld á umdæmiskeðjuna.

Fyrir þingið í maí ætlaði hún að biðja um stjórnarskýrslur frá klúbbunum og bráðabirgðareikninga og félagatal á sérblaði. Hún ætlaði líka að kaupa plastmöppur fyrir pappíra a þinginu.

Ég tók að mér að vera fundarritari a vorþinginu í maí. Við ætlum að biðja Eddu Magnúsdóttur að vera fundarstjóri.

Það er eitthvað til af pennum sem við ætlum að nýta og þurfum að útvega fleirin til viðbótar

Ég þarf að láta laga netfang hjá Sissel Einarsson a heimasíðunni en hún er komin með nýtt netfang: sisseldebet@outlook.com.

Það þarf að senda út dagskrá fyrir fundinn í maí tímanlega

Sigurbjörg ætlar að kanna hvort við fáum kirkjuna fyrir minningarstund um látna félaga. Einnig að athuga með prest.

þurfum líka að athuga með smágjafir og fyrirlesara

Fundi slitið kl. 15.30

Erla Eggertsdóttir